

Ferðamálasjóður samkvæmt lögum þessum kemur í stað samnefnds sjóðs samkvæmt eldri lögum og tekur við eignum hans og skuldbindingum.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Ferðaskrifstofur þær, sem fengið hafa leyfi og starfandi eru við gildistöku laga þessara, skulu fyrir árslok 1976 leggja fyrir ráðuneytið tryggingarskilríki í samræmi við 18. gr. og reglur þær, sem ráðuneytið setur, og eiga þær þá rétt til að fá útgefin ný leyfi.

Sé trygging samkvæmt 18. gr. laga þessara ekki sett innan tilskilins frests, falla leyfi niður.

Ákvæði til bráðabirgða III.

Framlag úr ríkissjóði til Ferðamálasjóðs samkvæmt 25. gr. laga þessara verði 25 millj. kr. árið 1977.

Gjört i Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til aðildar að Iðnþróunarsjóði fyrir Portúgal.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að gerast aðili fyrir Íslands hönd að Iðnþróunarsjóði fyrir Portúgal, sem ákveðið hefur verið að stofna á vegum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA).

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að leggja fram á næstu 5 árum framlag Íslands til sjóðsins, jafnvirði samtals 846 045 sérstakra dráttarréttinda Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (Special Drawing Rights).

3. gr.

Viðskiptaráðherra skipar fulltrúa Íslands í stjórnarnefnd sjóðsins og annan til vara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.